

2. gr.

Bætur lífeyristrygginga skv. lögum nr. 67/1971 með áorðnum breytingum svo og greiðslur skv. 73. gr. laganna skulu hækka um 8% hinn 1. júní 1983 og þær bætur um 4% hinn 1. október 1983. Þessar breytingar koma í stað breytinga skv. 79. gr. sömu laga.

Hinn 1. júní 1983 skal þó fjárhæð uppbótar á lífeyri, tekjutryggingar skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, svo og heimilisuppbótar skv. 2. mgr. 19. gr. greindra laga, hækka um 5% umfram það sem segir í 1. mgr. þessarar greinar. Ennfremur skal hinn 1. júní 1983 fjárhæð mæðralauna skv. 15. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum hækka umfram það sem segir í 1. mgr. þessarar greinar sem hér segir:

Með einu barni um 100%.

Með tveimur börnum og fleiri um 30%.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 150 milljónum króna umfram fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 1983 til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis á því ári. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

Á árinu 1983 er fjármálaráðherra heimilt að lækka ríkisútgjöld frá því sem ákveðið er í fjárlögum fyrir árið 1983 um allt að 300 milljónum króna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. maí 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til að fresta greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptaráðherra hefur tjáð mér, að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar víðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað til þess að draga úr verðbólgu, tryggja atvinnuöryggi og treysta stöðu þjóðarbúsins út á við, og vernda hag þeirra, sem við lökust kjör búa; þar á meðal séu ráðstafanir til þess að létta greiðslubyrði húsbýggjenda vegna verðtryggðra lána, þar sem verðlag hefur að undanfögnu hækkað meira en laun.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands ákveðið að fresta skuli greiðslu á allt að 25% af samanlagðri fjárhæð afborgana, verðtryggingarþátta og vaxta verðtryggðra lána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs

verkamanna og verðtryggðra íbúðalána banka og annarra lánastofnana er gjaldfalla á tilteknu tímabili hér eftir, ef lántaki óskar.

Þeim greiðslum, sem frestað er samkvæmt framansögðu skal bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengdur eftir þörfum þannig að greiðslubyrði lánsins á hverjum tíma aukist ekki af þeim sökum og lánið sé með óbreyttum kjörum að öðru leyti svo og með hliðstæðum áfangagreiðslum og ella hefði verið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27.maí 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um verðlagsmál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar víðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað til þess að draga úr verðbólgu, tryggja atvinnuöryggi og treysta stöðu þjódarbúsins út á við, og vernda hag þeirra, sem við lökust kjör búa. Þar á meðal séu ráðstafanir til þess að tryggja eðlilegt og sanngjarnt aðhald að verðlagsákvörðunum á næstu mánuðum, bæði að því er varðar almennt verðlag og ákvarðanir um fiskverð og búvöruverð, í samræmi við þróun launa.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 31. janúar 1984 skulu verðlagsyfirvöld og aðrir opinberir aðilar, sem fara með verðlagsákvarðanir, aðeins leyfa óhjákvæmilega hækkun verðs eða endurgjalds fyrir vöru eða þjónustu. Þetta ákvæði breytir ekki verðmyndun á vöru og þjónustu, sem heyrir undir Verðlagsstofnun og hefur verið undanþegin sérstakri meðferð Verðlagsráðs. Að því er launakostnað varðar, er óheimilt að miða verð eða gjaldskrá við hærri laun en ákveðin eru með bráðabirgðalögum nr. 54/1983 um launamál. Á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 31. janúar 1984 er og óheimilt að breyta þeim álagningarreglum eða greiðslukjörum, er voru í gildi 25. maí 1983, ef slíkt er kaupendum eða neytendum í óhag.

2. gr.

Almennt fiskverð skv. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 4/1983, annað en verð á skarkola, skal hækka um 8% 1. júní 1983 og það verð síðan um 4% 1. október 1983, og skal það verð sem þannig er ákveðið, gilda til 31. janúar 1984.